

SKÓLABÍLL

MIKILVÆG FORVARNARATRIÐI

SEM VARÐA SKÓLAAKSTUR

VÍS hvetur sveitarfélög til þess að setja sér skriflegar starfsreglur um skólaakstur¹ og gera ítarlegar öryggiskröfur, með hag barna að leiðarljósi. VÍS leggur áherslu á neðangreind öryggisatriði svo forða megi slysum og óhöppum

➔ Farsímanotkun

Mikilvægt er að ökumaður noti ekki farsíma í akstri og að brýnt sé fyrir foreldrum að vera ekki að hringja í bílstjóra meðan á ferð stendur.

➔ Bílbelti

Allir nemendur og farþegar sitji í sætum sínum og noti bílbelti. Dæmi eru um alvarleg slyss á börnum sem notuðu ekki bílbelti í hópþingum í skólaakstri.

➔ Hegðun og umgengni í skólabifreiðinni

VÍS hvetur sveitarfélög til þess að vinna reglur um hegðun barna í skólabifreiðinni og kynna fyrir foreldrum. Þar komi m.a. fram reglur á biðstöð, hvernig farið er í og úr bifreiðinni og einnig hvaða lausamuni börn mega hafa meðferðis. Lausamuni þarf að festa kyrfilega meðan á akstri stendur.

➔ Varúðarviðmið um vind

Æskilegt er að til séu skriflegar reglur um niðurfellingu ferða og þær kynntar foreldrum/forráðamönnum skólabarna. Þannig ættu allir að vera upplýstir um það verklag. Mikilvægt er að varúðarviðmiðum um vind sé ávallt fylgt. Varúðarviðmiðin, auk annarra gagnlegra upplýsinga um færð og veður er að finna á vef Vegagerðarinnar.

➔ Heilsufarsskoðun bílstjóra

Gæta þarf þess allir bílstjórar í skólaakstri standist sértæka heilsufarsskoðun hjá lækni. Meta þarf heyrn, sjón, undirliggjandi hjartasjúkdóma, sykursýki, taugasjúkdóma (MS, flogaveiki o.fl.), lyfjanotkun og annað sem getur haft áhrif á akstursgetu bílstjóra við skólaakstur.

Þá hvetur VÍS til þess að unnið sé áhættumat leiða. Áhættumatið er mikilvægt öryggisgagn fyrir ökumenn. Dæmi um hættur eru mjóir vegir, hættuleg vindasvæði og varasamar biðstöðvar.

Með forvarnarkveðju,
Vátryggingafélag Íslands

¹ Samanber heimild í reglum um skólaakstur í grunnskóla nr. 656/1999